

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar 29. ágúst 2023, kl 16.15 á Skaftfelli.
Mættar eru Hanna, Oddný, Sigurveig, Elfa
Og Jóhanna fh síðustu stjórnar, Jóhanna afhendir Elfu gögn gjaldkera.
Og Sigga sem ritar fundargerð.

Fundardagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum; Hanna formaður, Sigga ritari, Elfa gjaldkeri! Oddný meðstjórnandi. Sigurveig og Maggý eru enn varamenn. Samþykkt með lófataki! Við þurfum svo að finna einn aðalmann til að vera fullmönnuð stjórn.
Fim 30. nóvember hittingur með Jóhönnu kl. 19 á Skaftfelli.

2. Tímasetningar funda í vetur Mánudagar kl 16.15 í Herðubreið(?) 2. Okt, 6. Nóv, 30. Nóv (Viljum við líka vera í byrjun des?), 8. Jan, 5. Feb, 4. Mars og 8. Apríl (1. apríl er annar í páskum). Aðalfundur er 30. Apríl skv plani síðasta árs.

3. Foreldrabekkjafundur; Hanna ætlar að taka saman punkta fyrir okkur til að tala um á bekkjarfundunum. Foreldrafélög eru hagsumanasamtök, nemenda og samvinna foreldra skilar sér í bættri skólamenningu, við erum saman í liði. Við ætlum ekki að leggja foreldrasáttmálan fyrir til að undirritunnar en afhenda bæklingana og ítreka mikilvægi samtalsins.

4. Skólaráð; getum við skipt fundunum á milli okkar? Oddný vill ekki mæta, en við hinar ætlum að skipta á milli okkar. Ca 6 fundir á skólavetri. Fáum dagsetningar funda frá Þórunni fljótlega.

5. Veturinn framundan; Myrkraballið. Ræða saman á hverjum fundi eitthvað eitt – símalausir skólar, mötuneytið (klassík sem við gleymdum að minnast á Π) markvissari í umræðum. Stjórn foreldrafélagsins getur borið upp á skólaráðsfundi hvort ákveðin mál séu eitthvað sem skólaráð vilji taka fyrir. Spyrja á skólaráðsfundi finnst ykkur að skólaráð ætti að taka upp þetta mál- þessa umræðu?

Ályktanir foreldrafélags má senda lengra, fjölskylduráð Múlaþings/Sigurbjörgu Hvönn fræðslustjóra Múlaþings. Skólaselið, mönnun og starfsemin.

6. Önnur mál; ályktun á fjölskylduráð v/ erindis um tungumálakunnáttu kennara/starfsfólks bréf frá Sigurveigu.

erindið sem var sent á Þórunni í vor:

Stjórn foreldrafélagsins vill fá aðeins upplýsingar um mat við ráðningar á starfsfólki til lengri og skemmri tíma við skólann. Það sem við erum að velta fyrir okkur tengist íslenskukunnáttu starfsmanna, sérstaklega á yngri skólastigum:

Eru gerðar kröfur um íslenskt kennaraleyfi við ráðningu og ef viðkomandi er ekki með íslenskt starfsleyfi (er etv. með leyfispróf frá Evrópulandi) hefur það áhrif á hvernig valið er úr hópi umsækjenda? Er eitthvað í lögum og reglugerðum sem segir til um þetta í ráðningum á kennurum?

Veltum aðeins fyrir okkur hvort t.d. vegi meira í tímabundnum ráðningum að ráða ófaglærðan einstakling til starfa sem er með fulla íslenskukunnáttu og geti unnið allt skólaárið eða ráða einhvern með erlent kennaraleyfi með enga íslensku kunnáttu og geti ekki klárað skólaárið?

Eru gerðar kröfur um íslenskukunnáttu eða gott vald á íslensku í starfslýsingum og auglýsingum? Eru gerðar kröfur til starfsmanna um að kunna íslensku eða læra íslensku við ráðningu? Kemur Múlaþing með einhverjum hætti að íslenskukennslu fyrir starfsfólk í skólanum ef starfsfólk er ráðið með takmarkaða eða enga íslenskukunnáttu?

Ef ráðinn er kennari/leiðbeinandi með enga íslenskukunnáttu skapast þá krafa um að hafa líka íslenskumælandi stuðningsstarfsmann með í tímum til að aðstoða við samskipti milli kennara og nemenda?

Við teljum að það sé mikilvægt fyrir börn í skólanum að geta tjáð sig um upptökur og vanda á skólatíma og leitað ráða og fengið leiðbeiningar á íslensku, bæði sem varðar námið þeirra og félagslegat atferli á skólatíma en ekki sé krafa á þau að kunna ensku eða að þau séu að túlka milli kennara og nemenda sem ekki kunna ensku, þá erum við sérstaklega að tala um yngri skólastigin. Að auki teljum við mikilvægt að muna að ekki eru allir foreldrar með góða tjáningargetu á ensku tungumáli sem getur líka haft áhrif á samskipti heimilis og skóla.